



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 5. mars 2019

SFS2019020167

0.1

HG/GES/RES/shj

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsvegi
101 REYKJAVÍK

Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Skóla- og frístundasvið álitur að breytingar í þá veru að lögfest verði eitt leyfisbréf feli í sér tækifæri og ógnanir fyrir skólastarf í borginni.

Þessi breyting felur í sér að kennari heldur réttindum sínum á milli skólastiga og launakjörum og býður upp á að kennari geti valið sér kennslu og skólastig við hæfi tengt breyttum áhuga og símenntunaráherslum og persónulegum aðstæðum. Hann getur þá t.d. aukið hæfni sína til kennslu á öðru skólastigi með símenntun og starfsþróun án þess að fara alla leið í tvöfalt leyfisbréf.

Tækifærin felast í því að kennarar geti með auðveldari hætti fært sig á milli skólastiga. Sem dæmi má nefna að leikskólakennari sem hefur mikla reynslu af starfi elstu barna í leikskólanum er eftirsóknaverður starfskraftur fyrir yngsta stig grunnskóla og mikilvægt að stjórnandi geti ráðið viðkomandi og á sömu launakjörum og aðrir kennarar í skólanum njóta. Það sama má segja að eftirsóknavert er að fá grunnskólakennara sem hefur reynslu af yngsta stigi grunnskólans yfir í leikskólann. Nú þegar framhaldsskólinn hefur verið stytur þá hefur kennurum fækkað þar og þá er mjög eftirsóknarvert að þeir geti kennt í efstu bekkjum grunnskólans.

Þá fjölgar þeim starfseiningum á skóla- og frístundasviði þar sem rekinn er saman leikskóli, grunnskóli og frístundastarf í samrekinni stofnun. Þar er mikilvægt að flæði geti verið á starfsfólki þar sem gert er ráð fyrir teymisvinnu þvert á skólastigin. Þessar breytingar, ef af verður, eiga sérstaklega vel við kennara eins og list-, verk- og íþróttakennara sem hafa sérhæft sig í ákveðnu fagi en hafa áhuga á vinna á mismunandi skólastigum.

Þá mun þessi breyting hafa þau áhrif á skólastjórnandi hafi úr fjölbreyttari hópi fagfólks að velja þegar kemur að ráðningum kennara sem er afar mikilvægt nú þegar umsóknum um þessi störf hefur fækkað.

Að mati sviðsins er mikilvægt að stíga skrefið til fulls sem áætlað var við setningu samstæðra laga og námsskráa fyrir leik, grunn- og framhaldsskóla og mikilvægt að menntun kennara taki mið af þessari staðreynd.

Félag leikskólakennara hefur lagt áherslu á að starfsumgjörð leikskólakennara verði líkari því sem gerist í grunnskólum þ.e. varðandi áunna frídaga t.d. um stórhátíðir og á sumrin og tíma til undirbúnings og símenntunar. Ógnanir við þessa lagabreytingu eru því helstar þær að leikskólakennarar muni í ríkara mæli sækjast eftir starfi í grunnskóla en leikskóla og má leikskólinn ekki við því að leikskólakennurum fækki.

Þá þarf að endurskipuleggja inntak kennaramenntunar þannig að kennarar verði hæfir til að kenna ólíkum aldri barna. Hætta er á að tiltekin sérþekking og áherslusvið sem hafa verið í náminu tengd aldri barna/nemenda muni glatast og það gæti rýrt inntak kennaranámsins og sérþekkingu t.d. á kennslu barna á leikskólaaldri.

Í ljósi ofangreinds styður skóla- og frístundasvið tillögu um eitt leyfisbréf en mikilvægt er, ef af verður, að gefinn sé aðlögunartími svo hægt sé að bregðast við breytingunum í grunmenntun og símenntun kennara.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs